

Reglur um brunavarnir vinnubúða.

Í grein 115.9 í byggingarreglugerð nr. 441 /1998 segir:

“Um sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, svefnskála, vinnubúðir, leitarmannahús, björgunarskýli o.þ.h. hús gilda jafnframt ákvæði heilbrigðisreglugerðar, reglugerðar um veitinga- og gististaði, reglur Brunamálastofnunar og reglur um húsnæði vinnustaða eftir því sem við á”.

Reglur þessar gilda fyrir allar vinnubúðir og byggja á gr. 110 í byggingarreglugerð (nr. 441/1998) um brunavarnir í hótelum að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna við vinnubúðir m.a. vegna þess að þær eru oft fjarri slökkviliðum og öðrum björgunarliðum.

Með vinnubúðum er hér átt við svefnskála og mötuneyti sem settar eru upp tímabundið, meðan á vinnu stendur við stórframkvæmdir s.s. virkjanir, verksmiðjubyggingar, brúargerð o.s.frv.

1 ÁKVÆÐI UM BYGGINGAR

- a) Varanlegar vinnubúðir skulu uppfylla ákvæði reglna um brunavarnir í hótelum.
- b) Bil milli húsa skal vera a.m.k. fjórðungur af lengd þeirra en þó ekki minna en 10 m. Bil þarf þó ekki að vera lengra en 25 m.
- c) Vinnubúðir úr tré skulu ekki vera hærri en 1 hæð.
- d) Vinnubúðum skal skipta með eldvarnarvegg a.m.k. REI 120-M B-s1,d0 fyrir hverja 250 m² grunnflatar. Veggurinn skal ná a.m.k. 0,50 m út fyrir vegg og þak, mælt hornrétt á flötinn.
- e) Hvert herbergi skal vera sjálfstætt brunahólf a.m.k. EI 60, með a.m.k. EI 30-CS hurð fram á gang. Raða má saman herbergiseiningum sem hver um sig er gerð úr a.m.k. EI 30 byggingarhlutum. Aðskilnaður á milli eininga og fram á gang skal þó vera EI 60 a.m.k.
Í vinnubúðum þar sem komið er fyrir sjálfvirku úðakerfi í svefnálmum nægir að brunahólfun veggja sé minnst EI 30 og hurð EI 15. Klæðningar sbr. 3.b mega vera í flokki 2 í vinnubúðum með úðakerfi. Hönnun úðakerfisins skal vera samkv. gr. 5.d.
- f) Eldhús, borðsal og aðra sali skal hafa í sér byggingu eða sér brunasamstæðu með eldvarnarvegg REI 120-M B-s1,d0 að svefnálmum sbr. gr. 1.d. Hurðir skulu vera a.m.k. EI 60-CS.
- g) Geymslur og ræstiherbergi skulu vera sér brunahólf sbr. 1.e.

2 FLÓTTALEIÐIR

- a) Ætíð skulu vera tvær óháðar flóttaleiðir út úr hverjum herbergisgangi (hurð í hvorum enda). Auk þess skal vera björgunarop í hverju herbergi.
- b) Sé gangur í svefnálmum lengri en 50 m, skal skipta honum með a.m.k. E 30-CS_a hurð þannig að hvergi sé lengra að útgönguhurð en 25 m.

3 EFNISVAL

- a) Gólfefni í flóttaleið skal vera í flokki G og gildir það einnig um gólfefni í borðsal.
- b) Klæðningar á veggjum og loftum skulu vera í flokki 1. Klæðningar í vinnubúðum fyrir 10 manns eða færri og í vinnubúðum með úðakerfi mega þó vera í flokki 2.

- c) Klæðningar utanhúss mega vera í flokki 2.

4 TÆKNIBÚNAÐUR INNANHÚSS

- a) Setja skal upp slöngukefli í vinnubúðum fyrir fleiri en 10 manns. Slöngukeflin skulu að jafnaði staðsett við útgöngudyr. Handslökkvitæki skal staðsetja samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
- b) Í vinnubúðum sem eru ætlaðar fyrir allt að 10 manns (í svefnskála) skal setja upp kerfi samtengdra reykskynjara nema þar sé úðakerfi samkvæmt gr. 5.d.
- c) Í vinnubúðum fyrir fleiri en 10 manns skal setja upp brunaviðvörðunarkerfi skv. reglum Brunamálastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi nema þar sé úðakerfi samkvæmt gr. 5.d.
- d) Setja skal upp út- og neyðarlýsingu í allar vinnubúðir fyrir fleiri en 10 manns.

5 SLÖKKVILÐ OG -BÚNAÐUR

- a) Í vinnubúðum fyrir fleiri en 10 manns og allt að 50 manns skal koma fyrir véldrifinni brunadælu. Sem vatnsgjafa má nota vatnsból eða brunahana. Afköst vatnsgjafa sé a.m.k. 900 l/mín. í minnst 2 klst. Mesta fjarlægð í vatnsgjafa sé 100 m. Minnst 4 menn á hverri vakt skulu vera þjálfaðir í notkun búnaðarins.
- b) Í vinnubúðum fyrir fleiri en 50 manns skal koma fyrir færanlegri brunadælu með tilheyrandi búnaði, slöngum og stútum. Sem vatnsgjafa má nota vatnsból eða brunahana. Afköst vatnsgjafa sé a.m.k. 1800 l/mín. Mesta fjarlægð í vatnsgjafa sé 100 m. Minnst 6 menn á hverri vakt skulu vera þjálfaðir í notkun búnaðarins. Slökkviliðsstjóri skal hafa skrá yfir þjálfun þessara aðila og allan búnað samkvæmt gr. 5.a og 5.b.
- c) Séu vinnubúðir í notkun að vetri til og opið vatnsból til staðar sem reiknað er með að notað verði til að afla slökkvivatns skal vera búnaður til að gera vakir á ís.
- d) Úðakerfi samkvæmt þessum reglum skal hanna í samræmi við rgl. 245/1994 en einnig má hanna kerfið eftir NFPA 13R. Nota skal hraðvirka (QR) úðara. Inntak skal vera í þeim hluta húsin sem varinn er með úðakerfinu. Úðakerfið skal taka til allra rýma í svefnálmum s.s. herbergja, ganga, setustofa og snyrtinga allt að næsta eldvarnarvegg sbr. 1.f.